

**Nd.**

**828. Nefndarálit**

[228. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9 15. apríl 1981.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og fengið umsagnir um það frá félagsmálaráðuneytinu, Félagi einstæðra foreldra, Sálfræðingafélagi Íslands og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála efni frumvarpsins og umsagnaraðilum, en þeir telja allir mikla nauðsyn á að aukin verði fjölskylduráðgjöf frá því sem nú er.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að félagsmálaráðuneytið skuli starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og setja reglugerð þar um.

Þar sem hér er um að ræða frv. til laga um breytingu á barnalögum, sem heyra undir dómsmálaráðuneytið, þykir óeðlilegt að sömu lög heyri undir tvö ráðuneyti. Í umsögn félagsmálaráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið hefur látið semja drög að lögum um heildarskipulag félagslegrar þjónustu á vegum sveitarfélaga og er þar m. a. beinlínis gert ráð fyrir að skylt sé að veita ráðgjöf í framangreindum málum.

Með vísun til þess, sem að ofan greinir, leggur meiri hluti nefndarinnar til að **frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. apríl 1982.

Ingólfur Guðnason,  
fundaskr., frsm.

Jósef H. Þorgeirsson.

Friðrik Sophusson.

Eggert Haukdal.